

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 233/2012**

**2013/EES/9/11**

**frá 16. mars 2012**

**um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar  
samþykkt breyttrar landsáætlunar Danmerkur um varnir gegn riðuveiki (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar<sup>(1)</sup>, einkum iii-lið b-liðar 1. þáttar A-kafla í VIII. viðauka,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi heilahrönnunarsjúkdóma í dýrum. Í henni er kveðið á um samþykki fyrir innanlandsáætlunum aðildarríkjanna um varnir gegn riðuveiki ef þær eru í samræmi við tilteknar viðmiðanir sem mælt er fyrir um í reglugerðinni.
- 2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 546/2006 frá 31. mars 2006 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar innanlandsáætlanir um varnir gegn riðuveiki og viðbótarábyrgðir og undanþágu frá tilteknum kröfum í ákvörðun 2003/100/EB og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1874/2003<sup>(2)</sup> er m.a. landsbundin riðuvarnaráætlun Danmerkur samþykkt og mælt fyrir um viðbótarábyrgðir sem varða bújarðir og opinberar takmarkanir á tilflutningi á sauðfé og geitum við tiltekin skilyrði.
- 3) Hinn 25. nóvember 2011 lagði Danmörk breytta landsáætlun um varnir gegn riðuveiki, sem er í samræmi við þær viðmiðanir sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 999/2001, fyrir framkvæmdastjórnina til samþykktar. Frá árinu 2003 hafa verið gerðar riðuveikiprófanir á öllum

sjálfdaudu sauðfé og geitum, sem voru eldri en 18 mánaða, og ekkert tilvik dæmigerðrar riðuveiki hefur greinst. Markmiðið með breytingunni á landsáætlun Danmerkur um varnir gegn riðuveiki er þar af leiðandi að fækka fjölda prófana, sem gerðar eru árlega, frá þeim umfangsmiklu prófunum sem nú eru gerðar á öllum sjálfdaudu sauðfé og geitum, sem urðu eldri en 18 mánaða, niður í lágmarkið sem krafist er í samræmi við reglugerð (EB) nr. 999/2001.

- 4) Í ljósi þeirra hagstæðu faraldsfræðilegu aðstæðna sem nú eru í Danmörku skal samþykka breyttu landsáætlunina um varnir gegn riðuveiki að því er það aðildarríki varðar.
- 5) Breytta landsáætlunin um varnir gegn riðuveiki mun ekki hafa nein áhrif á viðskipti vegna þess að viðbótarábyrgðir og opinberar takmarkanir á tilflutningi, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 546/2006, haldast óbreyttar. Þessi reglugerð skal því öðlast gildi án tafar.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Breytta landsáætlunin um varnir gegn riðuveiki, sem Danmörk lagði fyrir framkvæmdastjórnina 25. nóvember 2011, er hér með samþykkt.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. mars 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 78, 17.3.2012, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 192/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 3.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 94, 1.4.2006, bls. 28.